

Júlí 2000

# Ársskýrsla 1999



EiS

EINKALEYFASTOFAN

# Efnisyfirlit

- 3 Formáli
- 4 Umsóknir og skráningar á árinu 1998
  - 4 Einkaleyfi – Vörumerki – Hönnunarvernd – Byggðarmerki
- 7 Um rekstur Einkaleyfastofunnar
  - 6 Rekstrarafkoma ársins – Fjöldi starfsmanna – Áherslur í jafnréttismálum – Námskeið - starfsmenntun – Húsnæðismál – Fjárhagsendurskoðun
- 8 Endurskoðun laga um hugverkaréttindi
  - Lög um hönnunarvernd – Reglugerð um byggðarmerki
- 8 Samskipti við iðnaðarráðuneyti
  - Efling vitunar um einkaleyfi – Réttur starfsmanna til uppfinninga
- 10 Tengsl við innlend og samtök og stofnanir
  - Samtök um vernd eignarréttinda á sviði iðnaðar – Félag umboðsmanna – Rannsóknarráð Íslands – Iðntæknistofnun Íslands
- 10 Norrænt og alþjóðlegt samstarf
  - Fundir forstjóra norrænu einkaleyfastofnananna – Starfshópur um einkaleyfi – Starfshópur um vörumerki – Hönnunarhópur – Samstarf um endurskoðun vörumerkjalaga – Samningur um alþjóðlega skráningu hönnunar – Fundir stjórnarstofnana WIPO – Sérfræðingahópur EFTA/ESB – Samskipti við Eystrasaltsríki
- 13 Skipurit Einkaleyfastofu

## Formáli

Þriðja árið í röð hefur eftirspurn eftir vernd einkaleyfa og vörumerkja hjá Einkaleyfastofunni aukist verulega. Í þessari ársskýrslu kemur fram að milli ára 1998 og 1999 fjölgaði einkaleyfisumsóknum sem lagðar voru inn hér á landi um 33% og vörumerkjaumsóknum um 28%. Þessi aukning er ánægju-efni en varlegt er að draga þá ályktun að þróunin sýni uppsveiflu í nýsköpun og viðskiptalífi hér á landi og erlendis.

Að því er einkaleyfisumsóknir varðar mun fjölgun uppfinninga og þar með aukinn áhugi og þörf á einkaleyfisvernd í ríkjunum í kringum okkur vafalaust eiga einhvern þátt. En hér kemur einnig til hve auðvelt er að sækja um einkaleyfisvernd hér á landi eftir að Ísland gerðist aðili að PCT-samningnum. Erlendir aðilar, sem áður töldu það varla fyrirhafnarinnar virði að sækja um einkaleyfi á Íslandi, hagnýta sér nú kosti alþjóðlega umsóknarkerfisins.

Íslendingar eða aðilar búsettir hér á landi eiga því miður ekki hlut í fyrrnefndri fjölgun einkaleyfisumsókna því að umsóknir þeirra stóðu í stað milli ára 1998 og 1999; voru 45 hvort árið um sig (höfðu raunar tvöfaldast milli ára 1997 og 1998). – Hlutur íslenskra aðila í vörumerkjaumsóknum jókst hins vegar um 63% milli ára.

Á alþjóðavísu er fjöldi einkaleyfisumsókna og veittra einkaleyfa talinn góður mælikvarði á afrakstur rannsóknar- og þróunarstarfsemi og nýsköpun. Fáar einkaleyfisumsóknir og veitt einkaleyfi hér á landi er því umhugsunarefni fyrir alla sem með einum eða öðrum hætti móta undirstöður og þróun atvinnulífsins.


Nefnd sem iðnaðarráðherra skipaði á árinu 1998 fékk það verkefni að athuga stöðu Íslands í þessu samhengi. Hlutverk nefndar-

innar var aðallega að greina ástæður þess að ekki eru gefin út fleiri einkaleyfi til Íslendinga en raun ber vitni, og að gera tillögur um „á hvern hátt sé unnt að stuðla að aukinni vernd eignarréttar með einkaleyfum“. – Nefndin skilaði álit í júní 1999. Fjallað er um nefndarálitid í þessari skýrslu og greint frá skipun starfshóps til að vinna að framkvæmd tillagna nefndarinnar (bls. 9)

Vörumerki eru nú sem fyrr umfangsmesti þátturinn í starfi Einkaleyfastofunnar. Aðild Íslands að Madridbókuninni á langstærstan þátt í fjölgun vörumerkjaumsókna hér á landi síðustu árin. Sama þróun á sér stað í mörgum ríkjum Evrópu og víðar. Skýringin er annars vegar aukið vægi vörumerkja í viðskiptum og samkeppi á markaði og hins vegar einfaldara umsóknarferli.

Hönnunarvernd er lítið notuð hér á landi. Þegar hönnunarlögin voru í undirbúningi upp úr 1990 töldu margir að verndin yrði eftirsótt. Reyndin hefur orðið önnur. Eins og fram kemur í þessari ársskýrslu hefur fjöldi umsókna nánast staðið í stað frá árinu 1994. – Þess verður að vænta að sú endurskoðun hönnunarlaga sem nú stendur yfir muni leiða til breytinga í þessum efnum.

Einkaleyfastofan keppir að því að vera þjónustustofnun sem viðskiptavinir treysta og finnst gott að leita til. Stofnunin mun á næstunni leita eftir samstarfi við ýmsa aðila um upplýsinga- og fræðslustarf varðandi hugverkarréttindi. Hugverkavernd í iðnaði þarf að vera gildur þáttur í starfi allra sem vinna að nýsköpun og þróun í þágu íslensks atvinnulífs.



Gunnar Guttormsson  
forstjóri

# Umsóknir og skráningar á árinu 1999



## Einkaleyfi

Á árinu voru lagðar inn samtals 392 umsóknir. Þetta er mesti fjöldi umsókna sem borist hefur stofnuninni á einu ári og er aukningin um 33% miðað við árið 1998. Frumumsóknir íslenskra aðila voru 45 talsins (jafnmargar og árið 1998) en aðrar umsóknir voru 347 (250 árið 1998). Af heildartölunni 392 voru yfirfærðar alþjóðlegar umsóknir (PCT) 325 talsins.


Veitt voru samtals 27 einkaleyfi á árinu, en þau voru 35 á árinu 1998. Þar af voru veitt 6 einkaleyfi til íslenskra aðila (4 árið 1998) og 31 til erlendra aðila (31 árið 1998).

Tekið var á móti 14 alþjóðlegum frumumsóknum (PCT) frá íslenskum aðilum (10 árið 1998).

**Einkaleyfisumsóknir 1995-1999**



**Einkaleyfisumsóknir 1999  
hlutfallsleg og töluleg skipting eftir löndum**



**Einkaleyfisumsóknir 1999  
hlutfallsleg skipting eftir tæknisviðum**



## Vörumerki

Umsóknir og tilnefningar á árinu voru samtals 3934 (3075 árið 1998) sem er 28% aukning frá fyrra ári. Þar af voru tilnefningar vegna alþjóðlegra skráninga samkvæmt Madridbókuninni 2251 (1734 árið 1998).


Umsóknir frá íslenskum aðilum voru 719 (440 árið 1998) og frá erlendum aðilum 1656 (901 árið 1998).

Skráningar á landsbundnum umsóknum voru 944 (1414 árið 1998), þar af 469 í eigu íslenskra aðila.

Umsóknir íslenskra aðila um alþjóðlega skráningu vörumerkis voru 22 talsins.




Hlutfallsleg skipting vörumerkjaumsókna 1999 eftir heimalandi umsækjanda



Hlutfallslegt skipting algengustu vöruflokka í vörumerkjaumsóknum 1999

## Hönnunarvernd

Umsóknir voru 30 talsins (33 árið 1998), þar af 24 frá innlendum aðilum (18 árið 1998) og 6 frá erlendum umsækjendum (15 árið 1998). Skráðar hannanir voru 29 talsins (33 árið 1998), 22 frá íslenskum aðilum (16 árið 1998) og 7 frá erlendum aðilum (17 árið 1998).



## Byggðarmerki

Á árinu var sótt um skráningu á þremur byggðarmerkjum. Tvö byggðarmerki voru skráð á árinu.

Meðferð umsókna um byggðarmerki er nú komin í fast horf eftir þá endurskipulagningu sem leiddi af breytingu á sveitarstjórnarlögum og flutningi þessa verkþáttar til Einkaleyfastofu. Um markmið og megináherslur varðandi skráningu byggðarmerkja tókst gott samstarf við aðila sem hagsmuna eiga að gæta.

Við mat á tæknilegum þáttum byggðarmerkja nýtur Einkaleyfastofan ráðgjafar og aðstoðar teignara sem hefur sérhæft sig í skjaldarmerkjafræðum

## Um rekstur Einkaleyfastofunnar

### Rekstrarafkoma ársins

Fjárlagasáætlun ársins endurspeglar helstu markmið og væntingar stofnunarinnar varðandi fjárhagslega afkomu. Rauntölur ársins gefa á sama hátt mynd af rekstrarárangri.

Í fjárlagaáætlun fyrir árið 1999 var gert ráð fyrir að samanlagðar tekjur („ríkistekjur“ og aðrar tekjur) yrðu um 78 millj. kr. Tekjurnar (rauntölur) urðu hins vegar samtals 98,3 millj. kr. Aukning milli ára var því um 20 millj. kr. eða rúmlega 25 %.

Rekstargjöld ársins voru 65,6 millj. kr. og jukust um 14,4 millj. kr. eða um 28,0%.

Þessi hagstæða rekstrarafkoma skýrist m.a. af mikilli fjölgun umsókna á sviði einkaleyfa og vörumerkja (um 33% og 28% í hvoru tilviki miðað við fyrra ár). – Við mat á þessum tölum verður að hafa í huga að verulegur hluti kostnaðar við meðferð umsókna kemur fram síðar.

Gjaldskrá stofnunarinnar hefur að heita má verið óbreytt frá 1. janúar 1997. Veruleg framleiðniaukning hefur því orðið í starfsemi síðustu árin vegna lægri tilkostnaðar á hverja þjónustueiningu.

### Fjöldi starfsmanna

Fastir starfsmenn voru 14 á árinu. Að auki réð stofnunin mann tímabundið (3 mán.) til starfa á einkaleyfadeild. Tveir starfsmenn voru við afleysingastörf yfir sumarmánuðina.

Konur eru um 64% starfsmanna og karlar um 36%. Í helstu stjórnunarstörfum er skiptingin jöfn milli kynja.

Fjölgun umsókna og vaxandi eftirspurn eftir þjónustu stofnunarinnar kallar á fjölgun starfsfólks og aukið húsrými fyrir starfsemina.

Stofnunin hefur á síðustu árum orðið áþreifanlega vör við harðnandi samkeppi vinnumarkaðarins um starfsfólk. Þetta á ekki síst við um eftirspurn eftir tæknimenntuðu fólk. Þessi breytta staða kallar á markvissari starfsmannastefnu, að því er varðar m.a. launamál, vinnuskilyrði í víðri merkingu og möguleika starfsmanna til viðbótar- og endurmenntunar.

## Áherslur í jafnréttismálum

Á fundi starfsmanna stofnunarinnar í apríl var fjallað um jafnréttismál á vinnustaðnum. Þar voru til umræðu atriði sem rædd höfðu verið í tveimur hópum. Tilefnið var m.a. bréf frá iðnaðarráðuneyti í framhaldi af fyrirspurn á Alþingi (þskj. 741). Fram kom að starfsmönnum væri ekki kunnugt um að neinar kvartanir hefðu borist stofnuninni frá starfsmönnum eða stéttarfélögum þeirra. Fundurinn taldi að þrátt fyrir þetta bæri starfsmönnum að fylgjast vel með þróuninni í þessum efnunum. Sett voru fram nokkur meginmarkmið varðandi jafnrétti kynjanna sem að álit starfsmanna þarf að hafa í heiðri. Niðurstaða af umfjöllun starfsmanna var send iðnaðarráðuneytinu.

## Námskeið – starfmenntun

Stofnunin leggur áherslu á að starfsmenn taki þátt í námskeiðum af ýmsu tagi.

Umsjónarmaður tölvumála sótti kvöldnámskeið um efnið netumsjón í nútímarekstri. Lögfræðingur á vörumerkjadeild sótti námskeið hjá Alþjóðahugverkastofnuninni WIPO um meðhöndlun alþjóðlegra

vörumerkjaumsókna skv. Madridbókuninni. Umsjónarmaður ELS-tíðinda sótti námskeið um notkun tölvuforrits við myndvinnslu.

Starfsmaður á vörumerkjadeild sótti námskeið um flokkun vörumerkja hjá sænsku einkaleyfastofuninni. Þá sóttu 5 starfsmenn stofnunarinnar tungumálanámskeið á árinu.

## Húsnæðismál

Í lok ársins óskaði stofnunin eftir aðstoð iðnaðarráðuneytis og fjármálaráðuneytis við að kanna möguleika á leigu eða kaupum á húsnæði fyrir starfsemina.

Í áætlun stofnunarinnar fyrir tímabilið 1999-2001 var reiknað með því að starfsmenn yrðu 15 talsins í lokin og núverandi húsnæði myndi duga stofnuninni til loka áætlunartímabilsins.

Vöxtur starfseminnar og fjölgun starfsmanna hefur verið meiri en áætlunin gerði ráð fyrir og er þegar orðið of þröngt um starfsemina í húsnæðinu við Lindargötu.

## Fjárhagsendurskoðun

Ríkisendurskoðun gerði á árinu hefðbundna endurskoðun á bókhaldi og bókhaldsgögnum stofnunarinnar vegna ársins 1998. Engar umtalsverðar athugasemdir komu fram í endurskoðunarskýrslu. Talið var æskilegt að tekjuskráningarkerfi stofnunarinnar veitti betri upplýsingar m.t.t. afstemmingar við fjárhagsbókhald.

Í framhaldi af þessu óskaði stofnunin eftir ráðgjöf og aðstoð Ríkisbókhalds við að bæta tekjuskráningarkerfið. Athugun leiddi í ljós að vegna þess hve gjaldskrá stofnunarinnar er margþætt getur hún ekki notað tekjuskráningarkerfi ríkisbókhalds nema gerðar verði á því verulegar úrbætur.

## Upplýsinga- og útgáfumál

Umfang útgáfu ELS-tíðinda hefur vaxið ár frá ári í takt við fjölgun umsókna. Munar hér mest um fjölgun alþjóðlegra vörumerkja-umsókna. Áskrifendur eru nú um 130 talsins. Blaðið er nú birt á Netinu.

Í júlímánuði gaf stofnunin út bæklinginn *Byggðarmerki - Upplýsingar og leiðbeiningar um gerð og skráningu byggðarmerkja íslenskra sveitarfélaga*. Bæklingurinn var sendur öllum sveitarfélögum í landinu. Ennfremur var oddvitum í hreppum sent kynningarbréf um bæklinginn.

Bæklingurinn er einnig aðgengilegur á Netinu.

Tilgangurinn með útgáfunni er að auðvelda öllum sem eiga hlut að gerð byggðarmerkja að nálgast á einum stað grunnupplýsingar um gerð merkjanna og frágang og meðferð umsókna.

Í október efndi stofnunin til kynningarfundar fyrir sveitarstjórnarmenn um gerð byggðarmerkja. Fundurinn var haldinn á Hótel Sögu. Þar gerði forstjóri Einkaleyfastofu grein fyrir efni reglugerðarinnar og meðferð umsókna hjá stofnuninni og Gíslu B. Björnsson, teiknari, flutti erindi um gerð merkjanna m.t.t. meginreglna skjaldarmerkjafræðinnar.

## Endurskoðun laga um hugverkaréttindi

### Lög um hönnunarvernd

Í desember skipaði iðnaðarráðherra þriggja manna nefnd til að endurskoða lög um hönnunarvernd. Nefndin skal hafa hliðsjón af

tilskipun Evrópusambandsins um hönnunarvernd (98/71/EB), sem verður hluti EES-samningsins, og Haagsamningnum frá 1999 um alþjóðlega skráningu hönnunarverndar. Í nefndinni eiga sæti Ásta Valdimarsdóttir, yfirlögfræðingur, formaður Jón L. Arnalds hrl. og Jón Ögmundur Þormóðsson, skrifstofustjóri. Stefnt skal að því að starfi nefndarinnar verði lokið það snemma að leggja megi lagafrumvarp fyrir Alþingi á þingi árið 2000-2001

### Reglugerð um byggðarmerki

Einkaleyfastofan vann að samningu reglugerðar um byggðarmerki í samstarfi við iðnaðarráðuneytið. Reglugerðin var gefin út í febrúar (nr. 112/1999). Guðný Jónasdóttir, kennari, veitti aðstoð og ráðgjöf við undirbúning reglugerðarinnar (og gerð bæklingssins sem áður er getið). Varðandi tæknileg atriði reglugerðarinnar (skjaldarmerkjafræði) naut stofnunin aðstoðar Gísla B. Björnssonar, teiknara, en hann hefur jafnframt tekið að sér að veita umsögn um tæknilega þætti umsókna um byggðarmerki.

## Samskipti við iðnaðarráðuneyti

### Efling vitundar um einkaleyfi

Ráðuneytið skipaði á árinu 1998 nefnd til að fjalla um „á hvern hátt Íslendingar gætu hagnýtt sér alþjóðlegt verndarkerfi hugverka.“ Nefndin skilaði álit í júní 1999 „Einkaleyfi - greinargerð nefndar“. Einkaleyfastofan lýsti sig reiðubúna til að taka þátt í að koma tillögum nefndarinnar í framkvæmd.

Í desember skipaði iðnaðarráðherra þriggja



manna verkefnisstjórn til að vinna að framkvæmd þeirra tillagna er fram koma í nefndarálitinu.

Hér verður stuttlega vikið að umfjöllun og tillögum nefndarinnar:

Í nefndarálitinu segir m.a.: „Íslendingar sækja tíu sinnum sjaldnar um einkaleyfi og fá þrjátíu sinnum færri einkaleyfi en þær þjóðir sem við berum okkur saman við ... Aðeins örfáar umsóknir hafa komið frá rannsókn- og þróunarstofnunum, þ.m.t. háskólanum og einstaklingum þeim tengdum.“

Þá segir í nefndarálitinu að hagsmuna- og áhugaaðilar hafi komið fram með með þá skýringu „að þróunarstig atvinnulífsins hér á landi sé lágt og markaðssókn íslenskra tækni-afurða erlendis sé lítil.“

Einnig bendir nefndin á að mjög skorti á þekkingu og kunnáttu varðandi vernd hugverka. Þá segir nefndin að fjárhagslegur stuðningur við vernd hugverka til einstaklinga, starfsmanna stofnana og háskóla hafi verið af skornum skammti; ennfremur hafi vantað hér hvatningu til að vernda hugverk og ekki hafi staðið til boða stuðningur við að hagnýta hugverkaréttinn. Loks er nefnt að opinber stuðningur við hugverkavernd hafi til skamms tíma verið nánast enginn hér á landi og hugmyndafræðilegar forsendur fyrir stuðningi verið lítið ræddar.

Tillögur nefndarinnar beinast einkum að fjórum þáttum: 1) að hugað verði að úrbótum í löggjöf, t.d. varðandi réttarstöðu starfsmanna er vinna í þjónustu annarra, 2) að fræðslu- og upplýsingastarfsemi um hugverkavernd verði eflað, t.d. með samstarfi Einkaleyfastofu við rannsóknarstofnanir og sjóði er þjóna atvinnulífinu, 3) að rannsóknarstofnanir og háskólar marki stefnu um vernd hugverka sem þróuð eru innan þessara stofnana, komið verði á

samstarfi þessara stofnana og fjárfesta til að vinna að framsali á nýtingarrétti nýsköpunar og að starfsmenn fái hlutdeild í hagnaði sem kann að skapast við slíkt framsal, og 4) að hugað verði framtíðarhlutverki Einkaleyfastofunnar m.t.t. íslensks atvinnulífs og að könnuð aðild Íslands að Evrópueinkaleyfakerfinu.

Starfsmaður frá Einkaleyfastofunni átti sæti í nefnd ráðuneytisins og stofnunin á því óbeinan þátt í tillögugerðinni. Var stofnunin þess hvetjandi að ekki yrði látið staðar numið við útgáfu nefndarálitsins. Lagði hún til við iðnaðarráðuneytið að sett yrði á laggirnar verkefnisstjórn til að vinna að framkvæmd tillagnanna. Jafnframt lýsti stofnunin sig reiðubúna til að standa, ásamt hagsmuna- og áhugaaðilum, að kynningarátaki varðandi hugverkavernd og taka þátt í kostnaði við undirbúning slíks átaks.

Með bréfi dags. 3. desember 1999 skipaði iðnaðarráðherra þriggja manna verkefnisstjórn í þessu skyni. Í verkefnisstjórninni eiga sæti: Baldur Hjaltason, efnaverkfræðingur, formaður, Ásta Valdimarsdóttir, yfirlögfræðingur, og Gunnar Örn Harðarson, tæknifræðingur. – Gert er ráð fyrir að verkefnisstjórnin ljúki störfum í lok ársins 2000.

## Réttur starfsmanna til uppfinninga

Iðnaðar- og viðskiptaráðuneytið og Samtök um vernd eignarréttinda á sviði iðnaðar (SVESI) stóðu ásamt Einkaleyfastofunni að fundi um rétt starfsmanna til uppfinninga. Fundurinn var haldinn á Hótel Holti 27. október. Þar flutti Jørgen Smith, forstjóri norsku einkaleyfastofnunarinnar (Patentstyret), erindi um stöðu mála í Noregi varðandi rétt starfsmanna. Þá kynnti fulltrúi frá Iðntæknistofnun Íslands samning stofnunarinnar um rétt starfsmanna til uppfinninga og formaður SVESI, sem sæti á í

nefnd iðnaðarráðuneytis um eflingu einkaleyfa og hugverkaréttinda, kynnti viðhorf nefndarinnar til löggjafar um rétt starfsmanna til uppfinninga. Á fundinum lá m.a. frammi þýðing á lögum í Danmörku um þetta efni.

Yfir 20 manns sóttu fundinn. Fram kom áhugi á því að kannað yrði gaumgæfilega hvort grundvöllur sé fyrir hliðstæðri löggjöf hér á landi.

## Tengsl við innlend samtök og stofnanir

Ýmis samtök og stofnanir láta hugverkaréttindi í iðnaði til sín taka. Samstarf Einkaleyfastofunnar við þessa aðila er ekki síst á sviði fræðslu og gagnkvæmrar upplýsingamiðlunar. En einnig liggja leiðir saman vegna þátttöku í innlendum verkefnum og alþjóðlegu samstarfi.

### Samtök um vernd eignarréttinda á sviði iðnaðar (SVESI)

Samtökin leggja einkum áherslu á fræðslu um hugverkaréttindi og eiga aðild að alþjóðlegum samtökum (AIPPI) sem vinna að sama markmiði – Aðstoðarforstjóri sænsku einkaleyfastofnunarinnar, Lars Björklund, fjallaði um alþjóðlega þróun á sviði einkaleyfa á fundi sem SVESI, Einkaleyfastofan og iðnaðar- og viðskiptaráðuneyti stóðu sameiginlega að á Hótel Holti í maímánuði.

### Félag umboðsmanna einkaleyfa og vörumerkja

Félagið annast tengsl við Einkaleyfastofunna fyrir félagsmenn. Stofnunin hefur að jafnaði kynnt stjórn félagsins breytingar og nýjungar sem eru á döfinni varðandi hugverkaréttindi.

Þá lætur stofnunin félaginu árlega í té tölulegar upplýsingar um hugverkaréttindi í iðnaði.

### Rannsóknarráð Íslands (Rannís)

Stofnunin hefur á síðustu árum lagt aukna áherslu á mikilvægi einkaleyfa í ferli rannsókna og þróunarstarfs. Sem tengiliður milli rannsóknastofnana atvinnulífsins og háskóla hefur stofnunin hvatt til þess að opinberar stofnanir móti sér ákveðna einkaleyfastefnu. – Kynningarstyrkir stofnunarinnar geta í vissum tilvikum nýst þeim sem vinna að gerð einkaleyfisumsókna.

### Iðntæknistofnun Íslands (ITÍ)

Stofnunin leggur áherslu á að byggja upp og viðhalda þekkingu á sviði einkaleyfa. Meðal þjónustubátta hjá stofnuninni er að veita frumkvöðlum og uppfinningamönnum almenna ráðgjöf um einkaleyfi og meta hve raunhæfar viðskiptahugmyndir þeirra eru með tilliti til útfærslu.

## Norrænt og alþjóðlegt samstarf

### Fundir forstjóra einkaleyfastofnanna

Á árinu áttu forstjórar norrænu einkaleyfastofnananna með sér tvo fundi. Sá fyrri var haldinn í Stokkhólmi í apríl og sá síðari í maí á Íslandi. Á þessum fundum var farið yfir skýrslur norrænna vinnuhópa sem starfa á vegum stofnananna, lagt mat á stöðu mála og teknar ákvarðanir um framhald verkefna. Jafnframt ræddu forstjórnarnir þróun mála hjá WIPO og á vettvangi Evrópusamstarfsins (EPO, ESB og OHIM).

## Starfshópur um einkaleyfi

Norrænn vinnuhópur á sviði einkaleyfa hélt fund í Reykjavík í maí. Á vegum aðalhöpsins störfuðu tveir undirhópar, annar um líftækni-tilskipun ESB og hinn um árangursmat („benchmarking“). Líftæknihöpurinn hélt þrjá fundi: í Helsinki í janúar og í Stokkhólmi og Osló í febrúar. Hópurinn um árangursmat hélt einn fund í Stokkhólmi í febrúar. Á maífundum aðalhöpsins varð samkomulag um samræmdar tillögur til breytinga á einkaleyfalögum landanna, sem beint verður til viðkomandi stjórnvalda. Þar var einnig fjallað um fyrir- liggjandi hugmyndir undirhöpsins um árangursmat.

## Vörumerkjahópur

Norrænn vinnuhópur er fjallar um vörumerkjamála kom saman tvisvar á árinu. Fyrri fundurinn var í Helsinki í byrjun júní. Á fundinum var skipst á upplýsingum um stöðu mála í ríkjunum, upplýsingar um fjölda umsókna og skráninga, meðferðartíma umsókna o.s. frv. Þá var rætt um notkun vörumerkja sem „léna“ og skráningu „léna“ í ríkjunum, reglur um landfræðilegan uppruna, nýjar tegundir vörumerkja, s.s. hljóð- og lyktarmerki, tilgreiningu lita í vörumerkjum og tengls höfundaréttar og vörumerkja.

Seinni fundurinn var haldinn í Reykjavík í október. Á þeim fundi var m.a. einnig skipst á upplýsingum um stöðu mála í ríkjunum, tölfræði, meðferðartíma umsókna o.s. frv. Þá var rætt um svokölluð RINN-nöfn, sem eru alþjóðleg lyfjaheiti sem enginn er talin getað átt, stöðu „velþekktra merkja“ og nýlega yfirlýsingu frá WIPO um þau, slagorð, vörumerki með framandi leturtákn og þjónustutilgreiningu í flokki 42.

## Hönnunarhópur

Fulltrúar frá einkaleyfastofnunum Norðurlanda komu saman í Osló í janúar til að ræða tilskipun ESB um hönnunarvernd (nr. 98/71 ESB). Fundinn sat einnig fulltrúi frá sænska dómismálaráðuneytinu. – Tilgangur fundarinnar var að kanna hvort grundvöllur væri fyrir norrænu samstarfi við breytingar á mynsturlögum og hönnunarlögum. Á fundinum var samþykkt að vinna sameiginlega að lagabreytingum sem leiðir af tilskipuninni. Ákvæðum tilskipunarinnar var skipt niður á fundarmenn og þeim gert að senda inn tillögur um lagabreytingar fyrir næsta fund. Ákveðið var að starfi höpsins skyldi ljúka í júní 2000.

Næsti fundur hönnunarhöpsins var í Kaupmannahöfn í maí. Farið var yfir lagabreytingartillögur frá fulltrúum höpsins og rætt um Haagsamninginn um alþjóðlega skráningu hönnunar.

Í október var haldinn fundur í Söderhamm í Svíþjóð. Hópurinn hélt þar áfram vinnu sinni við lagabreytingartillögur. Í desember kom hópurinn saman í Helsinki. Þar var vinnu við sameiginlegar lagabreytingar haldið áfram.

## Samstarf um endurskoðun vörumerkjalaga

Frá árinu 1997 hafa Svíar, Norðmenn og Finnar unnið saman að breytingum á vörumerkjalögum sínum. Danir og Íslendingar ákváðu að taka ekki fullan þátt í þessu starfi eð ríkin höfðu nýlega breytt vörumerkjalögum sínum. Hins vegar var ákveðið að ríkin myndu fylgjast vel með starfinu og ræða hvort þörf væri á breytingum á lögum vegna tillagna vörumerkjanefndarinnar.

Í ágúst var boðað til fundar í nefndinni og Danir og Íslendingar sérstaklega hvattir til að sækja fundinn. Fundinn, sem haldinn var í Uppsölum, sótti fulltrúi Einkaleyfastofunnar. Á

fundinum var m.a. rætt um reynslu Dana af breyttri tillögun við rannsóknir (sendar eru niðurstöður úr rannsókn til umsækjanda en umsóknum aðeins hafnað vegna skorts á sérkenni en ekki vegna ruglingshættu). Starfi nefndarinnar mun að öllum líkindum ljúka sumarið 2000.

## Samningur um alþjóðlega skráningu hönnunar

Í byrjun júlí samþykkti fulltrúafundur aðildarríkja WIPO (Diplomatic Conference) samning um alþjóðlega skráningu hönnunar, s.n. Genfarsáttmála. Samningurinn er viðbót við Haagsamninginn um sama efni og tekur gildi þremur mánuðum eftir að sex ríki hafa staðfest undirritun hans eða sent aðildarumsókn. Tuttugu og fjögur ríki undirrituðu samninginn þegar í lok fundarins. – Forstjóri Einkaleyfastofunnar sat fundinn. Ísland hefur enn ekki gerst aðili að samningnum.

## Fundir stjórnarstofnana WIPO

Árlegur fundur stjórnarstofnana WIPO var haldinn í lok september. Á dagskrá fundarins var m.a. endurskoðun á stofnsamningi WIPO, undirbúningur alþjóðlega einkaleyfasamningsins (Patent Law Treaty), rafræn viðskipti og málefni er varða PCT-sambandið og Madrid-sambandið. – Forstjóri og yfirlögfræðingur Einkaleyfastofunnar tóku þátt í fundinum.

## Sérfræðingahópur EFTA/ESB

Vinnuhópur á sviði hugverkaréttinda kom tvisvar saman til funda á árinu. Fyrri fundurinn var í mars, sá síðari í desember.

Á fyrri fundinum var m.a. rætt um „grænbók“ ESB um Evrópueinkaleyfi, tillögu um tilskipun um smáeinkaleyfi, tilskipun og

drög að reglugerðum um hönnunarvernd og tilskipun um vernd uppfinninga á sviði líftækni.

Á desemberfundinum var m.a. rætt um „grænbók“ ESB varðandi aðgerðir gegn eftirlíkingum og stuldi á hugverkum. Einnig var rætt um „grænbók“ um Evrópueinkaleyfi, breytingartillögur Evrópuþingsins við tillögu að tilskipun um smáeinkaleyfi, breytingartillögur þingsins við tillögu að reglugerð um hönnunarvernd og loks um tæmingu réttinda og könnun þá sem ESB lét gera, annars vegar á svæðisbundinni tæmingu réttinda og hins vegar á alþjóðlegri tæmingu réttinda (international exhaustion). Loks var framhald umræðna um tilskipun um vernd uppfinninga á sviði líftækni.

## Samskipti við Eystrasaltsríki

Starfsmaður frá Lettnesku einkaleyfastofnuninni (Renate Lace) var í eins mánaðar starfsdvöl hjá Einkaleyfastofunni í apríl-maí. Norræna félagð („Nordpraktik“) hafði milligöngu um starfsdvölinu.

Í september gekkst Lettlandsdeild Alþjóðasamtakanna um vernd eignarréttinda á sviði iðnaðar (AIPPI) fyrir ráðstefnu um um einkaleyfi og vörumerki. Ráðstefnan var haldin í Riga í Lettlandi. Fjallað var um þessi hugverkaréttindi með sérstöku tilliti til vandamála í Norðaustur Evrópu í ljósi reynslu og þróunar á alþjóðavettvangi. Forstjóri Einkaleyfastofunnar sótti ráðstefnuna.

Forstjóri  
Gunnar Guttormsson

Deildarstjórafundur

Starfsmannafundur

**Einkaleyfedeild**  
Deildarstjóri  
Aðalsteinn Emilsson

Innlendar umsóknir

Alþjóðlegar umsóknir

**Vörumerkja- og  
hönnunardeild**  
Deildarstjóri  
Ásta Valdimarsdóttir

Vörumerki

- innlendar umsóknir
- alþjóðl. umsóknir

Hönnunarvernd

Byggðarmerki

**Almenn skrifstofa**  
Deildarstjóri  
Margrét Jóhannsdóttir

Afgreiðsla

Reikningshald

Tölvur – tæknimál

Útgáfa – upplýsingar

Skjalavistun